

4 hverjum beri að kosta band á Stjórnartíðindum og þeim bókum, sem hreppstjórur eru sendar til stuðnings við embættisfærslu þeirra.

Útaf þessu skal yður hjermeð tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að með því að engin lagaheimild er til fyrir því, að greiða kostnað við bókband og viðhald á bókum þeim, sem hreppstjórur eru sendar til stuðnings við embættisfærslu þeirra, úr opinberum sjóði, verða hreppstjórarnir sjálfir að bera þann kostnað.

5 **Brjef landshöfðingja til Guðmundar læknis Guðmundssonar á Laugardælum, um borgun fyrir ferðakostnað lækna o. fl.** — Þjer hafð herra læknir, með brjefi dags. 27. f. m., sent mjer til úrlausnar svolátandi fyrirspurnir:

1. »Hefur ekki læknir leyfi til að reikna sjer peninga fyrir fylgdarmann þegar hann fer lækni ferðir án þess honum sje skaffaður fylgdarmaður, þótt hann fari aleinn?
2. Hvaða laun bera lækni fyrir vottorð um að einhver sje lasinn svo að hann t. d. ekki geti gegnt embætti? eða getur það álitist ósanngjarnt, sje engin ákvörðun um það, að taka fyrir slík vottorð frá 2—4 krónur þar sem lífsábyrgðarvottorð eru miklu dýrari yfir höfuð að tala?
3. Hvaða borgun ber lækni fyrir dauðravottorð og líkskoðun?»

Útaf þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, að þegar um endurgjald ferðakostnaðar eða annars kostnaðar er að ræða, þar sem ekki liggja sjersakir samningar eða önnur ákvæði til grundvallar, getur ekki komið til mála endurgjald fyrir annað en það, sem í raun og veru hefur verið til kostað, og þegar slíkir kostnaðarreikningar eru úrskurðaðir, verður spurningin því að eins um, hvort ekki hafð verið kostað til meiru en nauðsynlegt var, eða venja og sanngirni leyfði. Það nær þannig engri átt, að hjeraðslæknir eða aðrir embættismenn hafi nokkurn rjett til að heimta borgun fyrir fylgdarmann, sem þeir ekki hafa haft, þótt þeir gætu hafa haft hann, og þó að slíkt því miður kunní að hafa komið fyrir, að embættismenn og aðrir hafi í ferðakostnaðarreikningum sínum sett upp borgun fyrir fylgdarmenn, sem þeir eigi hafa notað í raun og veru, þá er það alveg ólöglegt og rangt.

Að því er snertir 2. og 3. lið fyrirspurnar yðar verður ekki öðru svar að en því, að borgun sú, sem þar um ræðir, verður að vera komin undir samkomulagi hlutadeigenda, og miðast við fyrirhöfn þá, sem læknirinn hefur fyrir hverju þess, sem um er spurt, því að um þetta eru engar fastar reglur settar. Þurfi læknirinn, til þess að geta gefið hin umræddu vottorð samvizkusamlega, að takast á hendur ítarlegar rannsóknir og skoðanir sjerstaklega í þessum tilgangi, er vitanlega meiri ástæða fyrir hann til þess að heimta nokkuð riflegri borgun, heldur en ef svo stendur á, að hann getur gefið vottorðin án sjerstaks ómaks. — Yfir höfuð getur læknir sett upp það, er hann álitur að sjer beri

fyrir að inna af hendi þau störf, sem ekkert er ákveðið um í lögum nr. 15. 5
15. okt. 1875, og sætir það þá, ef til kemur, úrskurði dómstólanna, hvort hann 19. jan.
hefur gætt sanngirni í kröfum sínum.

Ágrip af brjefi landshöfðingja til sjera Jens Pálssonar á Útskál- 6
um, um hlunnindi handa sparisjóði á Rosmhvalanesi. — Með brjefi 22. jan.
þessu veitti landshöfðingi með venjulegum skilyrðum sparisjóði á Rosmhvala-
nesi hlunnindi þau, sem talin eru í tilsk. 5. jan. 1874, um 5 ára tímabil, er
teljist frá 1. janúar þ. á. til 1. janúar 1897.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamt- 7
inu, um kaup á jarðarhúsum handa Þjóðjörð. — Þjer hafð herra 23. jan.
amtmaður með þóknanlegu brjefi dags. 18. þ. m. skýrt mjer frá, að Þjóðjörðinni
Vestra-Norðurgarði á Vestmannaeyjum, sem sje laus úr ábúð frá næstkomandi
fardögum, fylgi engin jarðarhús, heldur eigi hinn núverandi ábúandi öll húsin,
sem á jörðinni eru, svo sem baðstofu, eldhús og fjós, sem eptir lauslegri virð-
ingu muni öll til samans vera 500 kr. virði, og hafð þjer jafnframt mælt með
þeirri tillögu sýslumannsins á Vestmannaeyjum að landssjóður kaupi tjeð jarð-
arhús af eigandanum og sjeu þau síðan látin fylgja jörðinni.

Útaf þessu skal yður Þjónustusamlega tjáð, að jeg er yður samdóma
um, að rjett sje að hin nauðsynlegu jarðarhús fylgi jörð þessari, og því vil jeg
fallast á, að fyrnefnd hús verði keypt af ábúandanum eptir mati löglegra út-
tektarmanna, en þó eigi fyrir meir en 500 kr., og skal þá hækka landsskuld-
ina þannig, að hækkunin svari til 4% af þeirri upphæð, sem jarðarhúsin verða
metin og keypt fyrir.

Brjef landshöfðingja til stjórnar landsbankans, um breyting á 8
reglugjörð bankans 5. júní 1886. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 20. þ. m., 29. jan.
hefir hinn háttvirta bankastjórn samkvæmt áskorun minni sent mjer tillögur sín-
ar útaf þingsályktun, samþykktri af báðum deildum alþingis f. á. þar sem skorað er
á landshöfðingja að fá því framgengt, að lands bankinn veiti lán gegn veði í húseign
um í kaupstöðum öðrum en Reykjavík og verzlunarstöðum landsins, þá er hús
þessi eru váttryggð og þannig að landsbankinn annist váttryggingargjaldið fyrir hönd
lántakenda, semgreiði váttryggingargjaldið fyrirfram ásamt kostnaði skaðlaust, allt
á þann hátt, er ákveðið yrði nákvæmar með reglugjörð samkvæmt lögum 18. sept.
1885, og hefur bankastjórnin lagt það til að 11. 12. og 13. gr. í reglugjörð fyrir
landsbankann 5. júní 1886 verði breytt þannig, að nefndar greinar verði svo,
sem nú skal greina:

11. gr.

»Bankinn veitir lán gegn tryggingu í fasteign, þó að eins gegn 1. veðrjetti.